

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

*Deiliskipulag stofnanareits, Kirkjubraut 39.*

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkti 15. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi stofnanareits, vegna Kirkjubrautar 39. Í breytingunni felst að stækka lóðina fram að Kirkjubraut um 269,0 m<sup>2</sup>. Innkeyrsla er staðsett við Háholt í stað Kirkjubrautar og er bílakjallari ásamt rampi færður í samræmi við nýja innkeyrslu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 26. ágúst 2024.*

**Halla Marta Árnadóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. september 2024